

# Nafnabreyting samþykkt á aðalfundi

Aðalfundur Félags atvinnurekenda var haldinn 8. febrúar í Húsi verslunarinnar og stóð fram eftir kvöldi. Samþykkt var á fundinum, eftir miklar umræður, að breyta nafni félagsins úr *Félag íslenskra stórkaupmanna* í *Félag atvinnurekenda*. Helsta ástæða nafnabreytingarinnar er að hugtakið stórkaupmaður er orðið sjaldgæft í íslenskri málnotkun. Þörf hafi verið á nafni sem hefði breiðari skírskotun og væri lýsandi fyrir þau fyrirtæki sem eru aðilar að félaginu í dag. Félagið mun hér eftir sem hingað til vera málsvari verslunar og milliríkjaviðskipta – með áherslu á að minni og meðalstór fyrirtæki verði áfram undirstaða hagsældar í landinu.

# Megin ástæður fyrir nafnabreytingu

- Rökrétt framhald af vinnu undanfarinna mánaða hvað varðar innleiðingu nýrrar stefnu og áherslu á ferskara yfirbragð félagsins
- “Stórkaupmennska” endurspeglaði ekki þá breidd sem er í félaginu
- Gamla nafnið hentaði síður til að efla og styrkja félagatalið innan þeirra greina sem félagið starfar
- Almenningsur skynjar “stórkaupmenn” á fremur neikvæðan hátt
- Félagið þarf tengingu við upprunann – verslunarfyrtæki og söguna
- Nafnið var farið að verða hindrun í daglegum rekstri
  - Við öflun nýrra félaga
  - Við að höfða til nýrra starfsmanna að vinna fyrir félagið
  - Núverandi starfsmenn samsama sig ekki vel við nafnið enda fulltrúar yngri kynslóðarinnar
- Gamla nafnið hefur ekki elst vel og var hindrun í eðlilegri endurnýjun á starfi félagsins

**Einungis nafnabreyting var samþykkt -  
hlutverk, markmið og tilgangur félagsins  
helst óbreytt**



# Merki - Útskýring



FÉLAG ATVINNUREKENDNA

- Sterk tilvísun í gamla merkið (hringlaga form og vængir)
- Tilvísun í vængi Hermesar – hinn gríska verndara verslunar
- Hringformið er tilvitnun í skjöldinn í eldra merkinu
- Vængirnir geta líka táknað vöxt eða tré sem er að vaxa
- Burgundy liturinn er hlutlaus en traustvekjandi
- Liturinn er sterkur, fágaður en lítið notaður
- Önnur hugrenningatengsl við nýja merkið er: sólarupprás=nýtt upphaf